

## 1006. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 10. september 2008 kl. 18:15 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Gunnar Páll Pálsson, Stefanía Magnúsdóttir, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Eyrún Ingvaldsdóttir, Gunnar Böðvarsson, Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir, Jón Hrafn Guðjónsson, Jón Magnússon, Lykke Bjerre Larsen, Margrét Sverrisdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Valur M. Valtýsson, Steinar J. Kristjánsson og Árni Leósson sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar yfirfarin, samþykkt og undirrituð.

### 2. LÍV þing

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, formaður LÍV og varaforseti ASÍ, hafði óskað eftir því að ávarpa fundinn og sagðist hafa óskað eftir því vegna þess að hún vildi tilkynna stjórn VR að hún hygðist verða við áskorun stjórnarinnar um að bjóða sig fram í forsetakjör hjá ASÍ. Sagðist hún reyndar hafa haft aðrar áætlanir en eftir að hafa hugsað málið taldi hún sig ekki hafa annarra kosta vöð því hún teldi mikilvægt að kona myndi bjóða sig fram í fyrsta skipti í sögu ASÍ. Fundarmenn fögnuðu þessari ákvörðun Ingibjargar og samstaða var um það að styðja framboð hennar með ráð og dáð. Ingibjörg vék síðan af fundi.

Undir þessum dagskrárlið var gert hlé á dagskrá og boðin velkomin á fundinn, Helga Árnadóttir, sem nýlega var ráðin sem sviðsstjóri Rekstrarsviðs VR í stað Sigurlaugar Hilmarsdóttur sem lét af störfum í lok ágúst. Helga kynnti sig og fyrri störf. Helga sagðist vera spennt að takast á við hið nýja starf og buðu fundarmenn hana velkomna til VR.

Að því loknu vék Helga af fundi.

### 3. ASÍ ársfundur

Gunnar Páll ræddi komandi Ársfund ASÍ dagana 23. og 24. október 2008 og lagði fram *bréf Grétars Þorsteinssonar, forseta ASÍ, dags. 26.06 2008*, til landssambanda og aðildarféлага ASÍ. Meginþema þessa ársfundar verður „*ungt fólk, samfélagið og verkalyðshreyfingin*“ en einnig verða kjaramál og kosning forseta viðamiklir dagskrárliðir.

Undir þessum dagskrárlið lagði Gunnar Páll fram tölvubréf frá Gylfa Arnbjörnssyni, framkvæmdastjóra ASÍ, dags. 09.09 2008. Þar sem Gylfi tilkynnir að hann hygðist bjóða sig fram í forsetakjöri ASÍ og óskar hann eftir því að fá að vera ársfundarfulltrúi fyrir VR á komandi ársfundi. Nú er ljóst að sú regla gildir að trúnaðarráð og trúnaðarmenn ganga fyrir um setu á slíkum ársfundi og því væri það spurning hvort leyft yrði að hann kæmi inn sem varamaður. Umræður urðu um þetta atriði og niðurstaðan að trúnaðarráðsfundur í næstu viku tæki afstöðu í málinu.

### 4. Staðan á vinnumarkaði

Gunnar Páll lagði fram línurit, VR – *Þróun á fjölda mála Kjarasviðs* - og sagði frá því að nokkur aukning hafi verið í málum á kjarasviði í byrjun síðasta árs en sé nú aftur að aukast. Mikið er um uppsagnir en ekki stór gjaldþrot eins og var í síðasta mánuði. Reikna

má með aukinni verðbólgu og frekari kaupmáttarrýrnun en vonandi ekki eins slæmt eins og menn hugðu.

#### **5. Sjúkrasjóður – starfsreglur**

Gunnar Páll lagði fram skjal um *breytingartillögur á starfsreglum sjúkrasjóðs* sem ræddar höfðu verið á fundum framkvæmdastjórnar sjúkrasjóðs VR.

Umræða varð um tillögurnar og þær samþykktar.

#### **6. Eldri félagsmenn**

Gunnar Páll lagði fram og las yfir skjalið „*Tillaga um reglu fyrir eldri féлага*“, en umræður höfðu verið um það á fyrri fundum stjórnar að gott væri að skrifa það niður í ákveðna reglu hvernig væri háttað með réttindi eldri féлага í VR svo það væri ekki á reiki. Meðfylgjandi voru einnig tillögur að breytingum á starfsreglum sjúkrasjóðs til samræmis. Umræður urðu um þessar tillögur og ákveðið að vísa þeim áfram til framkvæmdastjórnar sjúkrasjóðs VR til umfjöllunar áður en þær yrðu teknar til samþykktar í stjórn.

#### **7. Skólakynningar**

Gunnar Páll sagði frá því að skólakynningar væru aftur að hefjast. Útbúin hafa verið ný myndbrot með Jóni Gnarr sem séu í glannalegri kantinum en þó þess eðlis að þau ættu að vekja lukku hjá réttum aldursflokki. Er mikils vænst af þessum kynningum enda hafa þær talist vel heppnaðar og vekja ungt fólk til hugsunar um stöðu launamanna, réttindi og skyldur á vinnumarkaði.

#### **8. Launakönnun**

Gunnar Páll lagði fram skjalið „*Minnisblað – helstu niðurstöður úr launakönnun VR 2008*“. Launakönnunin verður kynnt í hádeginu á morgun, fimt. 11. september og svo á heimasíðu VR. Starfsfólk mun síðan dreifa könnuninni til stærstu fyrirtækja milli kl. 10-12 n.k. föstudag og verður lokað hjá VR á meðan - eða næstum því – einn starfsmaður verður því á skrifstofu til að taka á móti gögnum svo enginn komi að lokuðum dyrum.

#### **9. Þjónustusvið**

Sú venja hefur verið að sviðsstjórar komi u.þ.b. einu sinni á ári og kynni sín svið fyrir stjórnarmönnum og segi frá því sem sé á döfinni. Í þetta sinn kynnti Árni Leósson, sviðsstjóri Þjónustusviðs, starfsemina á sínu sviði. Fór hann yfir grunnverkefnaskiptingu – um helstu starfsstöðvar og verkefni þeirra, hvernig starfsmannamál eru skipulögð og helstu þjónustumarkmið og mælingar. Að lokinni kynningu var Árna þakkað fyrir og nokkrum spurningum varpað fram auk umræðna um símsvörun.

#### **10. Trúnaðaráðsfundur**

Gunnar Páll fór yfir helstu atriði vegna trúnaðarráðsfundar sem haldinn verður þriðjudaginn 16. september í næstu viku. Aðalmál verða undirbúningur fyrirhugaðs LÍV þings, forsetaframboð Ingibjargar R. Guðmundsdóttur og svo þarf að kjósa uppstillingarnefnd. Gunnar Páll lagði fram hvaða stjórnarmenn eru gjaldgengir í uppstillingarnefnd og uppástungur um aðila úr trúnaðarráði. Ákveðið að stinga uppá Benedikt og Lykke, en Steinari til vara. Gunnari Páli var falið umboð að vinna með aðila úr trúnaðarráði.

#### **11. Trúnaðarmenn**

Gögn lágu ekki fyrir og var þessum dagskrárlið því frestað til næsta fundar.